



Fundargerð

27. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. Kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 4. febrúar 2025 og hófst kl. 8:15

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Gestur Kristjánsson, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Ingibjörg Garðarsdóttir.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Hugmyndir um sameiningu Héraðsskjalasafns, Listasafns og Byggðasafns

Á haustfundi Héraðsnefndar Árnésinga sem haldinn var á Hótel Geysi 15. október 2024 var framkvæmdastjórn Héraðsnefndar ásamt stjórnnum Listasafns, Héraðsskjalasafns og Byggðasafnsins falið að taka saman kosti og galla við að sameina söfnin í eitt byggðasamlag.

Stjórn ræddi fyrirkomulag vinnunnar sem framundan er og sköpuðust góðar umræður. Samþykkt var að fyrsti fundur stjórnanna verði haldinn í Ráðhúsi Árborgar miðvikudaginn 26. febrúar kl. 16:30. Þá var samþykkt að stjórnir hvers safns fyrir sig verði búnar að funda fyrir þann tím til að fara yfir það verkefni sem framundan er.

Fundi slitið kl. 8:48

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Kjartan Björnsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Gestur Þór Kristjánsson

Ingibjörg Garðarsdóttir